



Alþingi
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Búðardal 22.02.2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum (farsímasamband á þjóðvegum), 43. mál.

Dalabyggð fagnar umræðu um nauðsyn þess að tryggja farsímasamband á þjóðvegum. Leiðir innan sveitarfélagsins og til og frá því liggja margar hverjar um vegi þar sem farsímasamband er slitrótt og jafnvel ekkert á köflum. Í athugun sem gerð var meðal íbúa komu fram tilkynningar um fleiri en 50 staði í sveitarfélaginu Dalabyggð á vegum, bæjarhlöðum, heimreiðum og sumarhúsalöndum þar sem farsímasamband væri slitrótt eða ekkert. Í sömu athugun komu fram fleiri staðir á vegum innan sveitarfélagsins þar sem samkvæmt mælingum Póst- og fjarskiptastofnunar á árunum 2015-2017 gæti samband rofnað, væri slæmt eða ekkert.

Nauðsyn þess að farsímasamband sé á helstu stofn-, tengi- og héraðsvegum er ótvíræð. Við þessa vegi búa fjölskyldur, um þessa vegi keyra íbúar, skóla- og flutningabílar og um þá fara ferðamenn. Við þessa vegi eru fyrirtæki í uppbyggingu sem þurfa að geta nálgast efni og aðföng. Því miður hamlar staða farsímasambands oft rekstri ásamt því að skerða búsetuskilyrði og setja fólk í hættu.

Þegar þessi umsögn er skrifuð gengur óveður yfir landið með tilheyrandi útköllum viðbragðsaðila. Því miður varð í sveitarfélaginu útkall vegna ökutækis sem var fast á stað þar sem farsímasamband var ekkert. Það vildi til happs að annar vegfarandi kom að og gat leitað í samband til að kalla eftir aðstoð. Endurspeglar atvik sem þetta vel þá nauðsyn að tryggja farsímasamband á öllum vegum.

Virðingarfyllst,

Kristján Sturluson
sveitarstjóri Dalabyggðar





Félag íslenskra bifreiðaeigenda

Skúlagötu 19 – 101 Reykjavík

www.fib.is – sími 414 9999

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Reykjavík, 25. febrúar 2022

Umsögn frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum (farsímasamband á þjóðvegum).

FÍB fagnar framkomnu frumvarpi og er sammála flutningsmönnum. Það að tryggja óslitið farsímasamband á þjóðvegum landsins er mjög mikilvægt öryggismál. Núverandi ástand ógnar öryggi vegfarenda og er lélegur vitnisburður um dugleysi stjórnvalda.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda

Runólfur Ólafsson

Framkvæmdastjóri

Alþingi – nefndasvið
Hildur Edwald
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2022
Tilvísun: 2022020041/15.3.4

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á fjarskiptalögum (farsímasamband á þjóðvegum)

Fjaraskiptastofu (FST) hefur gefist kostur á því að gera athugasemdir við frumvarp til breytinga á lögum um fjarskipti nr. 81/2003 (farsímasamband á þjóðvegum), sbr. þingskjal 43 – 43. mál, sem lagt er fyrir 152. löggjafarþingsins.

Slitlaust og gott farnetssamband á stofnvegum er stórt og brýnt hagsmunamál. Fyrst og fremst er um að ræða mikilvægt öryggismál um að fyrir hendi sé traust farsímasamband í tilviki umferðarslysa og annarra neyðartilvika sem upp geta komið á vegum landsins. En tryggt og gott farnetssamband er enn fremur mikilvæg forsenda fyrir ýmiss konar þjónustu sem almenningur reiðir sig á með aukinni snjallvæðingu nettengdra tækja.

Samkvæmt frumvarpinu er ætlunin að fella óslitið farsímasamband undir alþjónustu í fjarskiptum og færa Fjaraskiptastofu heimild til að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki um að koma upp og reka fjarskiptavirki í því skyni að tryggja farsímasamband á þjóðvegum.

Að áliti FST er breyting á lagaumhverfi alþjónustu ekki rétta leiðin til að ná því markmiði sem stefnt er að með frumvarpinu. Almennt hefur réttur til alþjónustu verið bundin við lögheimili og vinnustaði með heilsárs starfsemi. Þar fyrir utan er ekki hægt að leggja á alþjónustukvaðir á fjarskiptafyrirtæki nema með því að útnefna fjarskiptafyrirtæki (eitt eða fleiri) sem alþjónustuveitanda, en telja verður það óskilvirka leið í þessu samhengi. Við slíka lagabreytingu kynni auk þess að stofnast skylda á stjórnvöld að bæta fjarskiptafélagi (einu eða fleirum) kostnað af alþjónustukvöðinni. Gæti slíkur kostnaður numið hundruðum milljóna króna.

Samkvæmt gildandi fjarskiptalögum er til staðar heimild fyrir FST til að mæla fyrir um útbreiðslukröfur farnetsþjónustu, þ.m.t. landfræðilega útbreiðslu utan byggðar, t.d. á vegum. Fjaraskiptastofa hefur upplýst þingnefndina um að gildistími allflestra tíðniheimilda fyrir farnetsþjónustu sé nú að renna sitt skeið, sbr. meðfylgjandi bréf til ráðuneytisins, dags. 18. janúar 2021, sem þingnefndin fékk afrit af. FST hefur nú samræmt lok gildistíma þessara tíðniheimilda til 31. mars 2023. Fyrir þann tíma og í tilefni af fyrirhugaðri endurnýjun á gildistíma á flestum tíðniheimildum hefur FST í hyggju að endurskoða skilmála tíðniheimildanna og m.a. mæla fyrir um slitlausa farnetsþjónustu á öllu stofnvegakerfinu. Fjaraskiptastofa hefur nú þegar fengið verkfræðistofu til kostnaðarmeta slíkar uppbyggingarkröfur, sbr. meðfylgjandi skýrsla frá Mannvit ehf. frá nóvember 2021. Litið er á slíkar uppbyggingarskuldbindingar sem endurgjald fyrir aðgang fjarskiptafyrirtækja að tíðniauðlindinni til tiltekins tíma.

Það er þó einn þrándur í götu þess að hægt sé að hrinda framangreindu verkefni til framkvæmda, en það er samþykkt nýrra fjarskiptalaga Frumvarp þess efnis hefur ekki fengið afgreiðslu á síðustu löggjafarþingum.

Slitlaust farnets samband á öllu stofnvegakerfinu er í eðli sínu verkefni sem kallar á samstarf og samvinnu allra farnetsrekenda. Þetta á bæði við um umfang verkefnisins og kostnað þess, svo og varðandi tæknilega högun farnetskerfisins, þ.e. að aðgengi að farnetssambandi standi öllum notendum til boða óháð því hvaða þjónustuveitanda þeir eiga í viðskiptum við, en slíkt væri gert með skuldbindingum um *samnýtingu* og *gagnkvæmt reiki* milli fjarskiptafyrirtækjanna. Fjarskiptastofa hefur ekki heimild, samkvæmt gildandi fjarskiptalögum, til að leggja slíkar kvaðir á fjarskiptafyrirtæki við útgáfu tíðniheimilda. Það mun hins vegar breytast með tilkomu nýrra fjarskiptalaga, en sú Evróputilskipun sem ætlunin er að innleiða með frumvarpinu gerir ráð fyrir slíkri heimild fjarskiptaeftirlitsstjórnvalda.

Að mati FST myndi samþykkt þess frumvarps sem umsögn þessi fjallar um engu bæta við þau uppbyggingaráform sem þegar eru til staðar varðandi farnetssamband á stofnvegum, stytta tímalínu slíkrar uppbyggingar eða ryðja úr vegi þeim hindrunum sem stendur henni fyrir þrifum. Öllu máli skiptir að ný fjarskiptalög verði tekin til afgreiðslu og samþykktar á Alþingi sem fyrst.

Virðingarfyllt,
f.h. Fjarskiptastofu


Björn Geirsson



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. janúar 2021

Málsnúmer: 2021010070
Málalykill: 15.3.4

Málefni: Nýtt regluverk í fjarskiptum

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til nýrra fjarskiptalaga, sbr. þingskjal nr. 210 – 209. mál. Um er að ræða heildarendurskoðun á gildandi fjarskiptalögum og innleiðingu á nýju evrópsku fjarskiptaregluverki, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2018/1972/EB. Frumvarpið er endurflutt frá fyrra löggjafarþingi.

Öflug fjarskipti er drifkraftur í nútíma tæknivæddu samfélagi og er forsenda fyrir ýmiskonar atvinnustarfsemi og nýsköpun. Með aukinni tækniþróun á síðustu árum hafa fjarskipti orðið nauðsynlegur þáttur í fleiri geirum samfélagsins, s.s. í heilbrigðisþjónustu, samgöngum o.fl. Það er fyrirséð að fjarskipti verði undirstaðan í því sem hefur verið nefnt fjórða iðnbyltingin, þar sem nettengdir hlutir og gervigreind slíks búnaðar verður uppistaðan í atvinnulífi og í raun virkni alls samfélagsins.

Ný tækni og atvinnuhættir, sem hún skapar, er til þess fallin að auka framleiðni og stuðla að bættri umhverfisvernd. Því er það almennt kappsmál hjá ríkjum heims að vera leiðandi í innleiðingu þessarar tækni. Til þess þarf ný og öflug háhraðanet.

Því er það eitt af meginmarkmiðum í frumvarpi að nýjum fjarskiptalögum að stuðla að uppbyggingu háhraðaneta, hvort heldur sem það eru ljósleiðarar í fastanetinu eða afkastamikil þráðlaus fjarskiptanet eins og 5G net. Þannig hefur frumvarpið að geyma ýmiss ákvæði sem annað hvort fela í sér tilteknar ívilnanir gagnvart markaðsaðilum til hagkvæmari uppbyggingar á fjarskiptainnvíðum eða úrræði til handa Póst- og fjarskiptastofnun að leggja kvaðir á markaðsaðila til að ná sömu markmiðum. Evrópsk fjarskiptalög gera ráð fyrir að fjarskiptaefirlitstjórnvöld vinni að því með markvissum hætti að skilgreina landsvæði sem búa við markaðsbrest varðandi aðgang að háhraða fjarskiptaþjónustu og geri ráðstafanir til þess að hægt sé að bæta úr því.

Á árunum 2022 og 2023 renna út tíðniheimildir fyrir stóran hluta farneta landsins. Ráðgert er að undirbúningur undir endurúthlutun tíðnanna fari fram á árinu 2021 og ljúki í árslok. Í hinu nýja regluverki er að finna mikilvæg ný ákvæði er varða skilyrði tíðniheimilda sem PFS telur nauðsynlegt að geta stuðst við þegar kemur að ráðstöfun tíðniheimildanna. Því skiptir máli að hin nýju lög taki gildi sem fyrst þannig að styðjast megi við hin nýju ákvæði.

Þetta nýja lagaumhverfi í fjarskiptum skiptir því sköpum við að byggja upp innviði atvinnulífsins og öruggar samskiptaleiðir sem ætlast er til að allir landsmenn hafi aðgang að. Því er afar brýnt að koma þessum úrræðum til framkvæmda sem allra fyrst.

Nú liggur fyrir að umrædd Evróputilskipun hefur ekki ennþá verið tekin upp í EES-samninginn. PFS hvetur þó eindregið til þess að það verði ekki til þess að hamla lögfestingu frumvarpsins á yfirstandandi löggjafarþingi. Til að koma til móts við tafir á innleiðingunni í EES-samninginn mætti setja gildistöku laganna t.d. 1. september 2021, en þá standa vonir til þess að téð Evróputilskipun hafi verið tekin upp í EES-samninginn.

Virðingarfyllst,


Hrafnkell V. Gíslason

Hrafnkell V. Gíslason

Afrit sent til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Alþingi
Umhverfis og samgöngunefnd
nefnasvid@altingi.is

Ísafirði 24. febrúar 2022

Umsögn; frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum (farsímasamband á ljóðvegum), 43. mál.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga beinir því Alþingis að samþykkja efni þingsályktunarinnar. Stjórn beinir því einnig til umhverfis og samgöngunefndar Alþings, að við umfjöllun um málið verði skoðað hvort ná megi einnig bættum gagnaflutningum og útvarpssendingum á vegum og jarðgöngum, samhliða aðgerðum við úrbætur á farsímasambandi.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vekur einnig athygli á að til umsagnar er nú að hálfu Fjarskiptastofnunar, til 8. mars n.k., beiðni fjarskiptafyrirtækja um að leggja af 2G og 3G þjónustu á árunum 2024 og 2025. En þannig er víða á hátt að á Vestfjörðum að þar sem fjarskiptasamband er lélegt þá hafa verið bjargir af því að hafa 2G og 3G þjónustu. Gefur auga leið að ekki er forsvaranlegt að leggja af slíka þjónustu ef önnur og betri er ekki kominn hennar í stað.

Vakin er síðan athygli á ályktun 66. Fjórðungþings Vestfirðinga um öryggismálum á vegum.

Öryggismál á vegum.

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst að hraðað verði uppbyggingu háhraðafjarnets í vegakerfinu og það verði hið sama óháð umferð á vegum þ.e. 30 Mb/s en ekki tímabundið 10 Mb/s. Við þessa aðgerð má ætla að GSM samband batni um leið og dauðir punktar í kerfinu munu hverfa. Oft fer saman aukin áhætta á ferðum um fáfarna vegi fjarri byggð og eða þar sem vetrarveður leiða til lokunar vega eða ofanflóðahættu.

Eins verður að telja að minni kröfur til á gæði gagnasambands skapar og falskt öryggi fyrir vegfarendur. Jafnframt er skorað á stjórnvöld að greiða nú þegar úr þeim vandamálum sem hafa skapast þegar reikisamband virkar ekki á akstri um vegi á Vestfjörðum.

Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur síðan til að farið verði í úrbætur á útvarpssambandi á vegum og í jarðgöngum enda er hér hluti af öryggiskerfum landsins.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

Góðan daginn,
eftirfarandi bókun var samþykkt á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs fyrr í dag:

202202101 - Umsagnarbeiðni um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 812003, með síðari breytingum (farsímasamband á þjóðvegum), 43. mál.

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur til umsagnar frá nefndasviði Alþingis frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum (farsímasamband á þjóðvegum), 43. mál.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð tekur heilshugar undir markmið tillögunnar um að óslitið fjarskiptasamband á þjóðvegum landsins. Reynslan sýnir að þar er víða pottur brotinn og eftir því sem búnaður fjarskipta fyrirtækja eldist fer staðan versnandi. Ráðið vill einnig benda á að ekki er síður brýnt að tryggja fullnægjandi farsímasamband í heimahúsum og á vinnustöðum í dreifbýli. Þar vantar oft mikið upp á jafnvel þó ásættanlegt samband sé á þjóðveginum við húsinn.

Samþykkt samhjóða með handauppréttingu.

Er bókun ráðsins hér með komið á framfæri.

Bestu kveðjur,



Sóley Valdimarsdóttir

Ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði

Sveitarfélagið Múlaþing

[Skilmálar varðandi tölvupósti](#)



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 23. febrúar 2022
nr. erindis 2202142 KJ

Á 1004. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 23. febrúar 2022 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni; breyting á lögum um fjarskipti nr. 81 2003

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 14. febrúar 2022 frá nefndasviði Alþingis. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum (farsímasamband á þjóðvegum), 43. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 24. febrúar n.k. Byggðarráð tekur undir mikilvægi þess að tryggja öruggt farsíma- og Tetrasamband á þjóðvegum landsins.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Kristín Jónsdóttir
skjalastjóri

Alþingi

Umhverfis- og samgöngunefnd

Vísað er til neðangreindrar umsagnarbeiðnar vegna frumvarps um farsímasamband á þjóðvegum. Í frumvarpinu er lagt til að óslitið farsímasamband á þjóðvegum falli undir alþjónustu og að Fjarskiptastofu verði heimilt að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki um að koma upp og reka fjarskiptavirki í því skyni að tryggja farsímasamband á þjóðvegum.

Sýn hf. gerir verulegar athugasemdir við frumvarpið:

Í fyrsta lagi myndu lagafyrirmæli um að óslitið farsímasamband á þjóðvegum falli undir alþjónustu vera í ósamræmi við tilskipun (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um fjarskipti (e. European Electronic Communications Code Directive eða EECC-tilskipunin), sem stundum er vísað til sem „Kóðans“. Samkvæmt þingmálaskrá á að endurflytja frumvarp til nýrra fjarskiptalaga til að innleiða Kóðann (fyrst flutt á 150. löggjafarþing 2019–2020. Þingskjal 1354 — 775. mál).

Í frumvarpinu er að finna ákvæði í X. kafla sem lúta að alþjónustu. Neytendum skal á viðráðanlegu verði tryggður aðgangur að gagnaflutningsþjónustu sem tryggir nothæfa internetþjónustu og símaþjónustu með tilgreindum gæðum, þ.m.t. tenging sem liggur að baki, á lögheimili eða aðsetri samkvæmt skráningu hjá Þjóðskrá Íslands. Þjónustutegundir innan alþjónustu eru ekki bundnar tiltekinni tækni. Ekki er því lengur gert ráð fyrir að binda síma- og gagnaflutningsþjónustu innan alþjónustu við fastanetið. Við ákveðnar aðstæður getur jafnvel verið ódýrara og hagkvæmara að nýta farnetstækni. Ef neytandi á tilteknum stað hefur aðgang að farnetsþjónustu sem uppfyllir skilgreind gæðaviðmið á hann ekki rétt á því til viðbótar að fá einnig aðgang að fastanetsþjónustu undir merkjum alþjónustu. Þá er réttur til alþjónustu ekki fortakslaus og getur verið háður takmörkunum vegna kostnaðar, landfræðilegra aðstæðna eða annars óhagræðis.

Að binda alþjónustu við tiltekna tækni (farsímasamband á þjóðvegum) er skv. framansögðu í andstöðu við Evrópskar reglur og myndi raska samkeppnisstöðu íslenskra fjarskiptafyrirtækja.

Í öðru lagi er kostnaðarlega mjög óraunhæft að mæla fyrir um slíka skyldu. Til að tryggja óslitið farsímasamband á öllum mögulegum þjóðvegum þyrfti að líkindum setja tugi milljarða í uppbyggingu og rekstur.

Í þriðja lagi er því mótmælt sem haldið er fram að fjarskiptafélög hafi ekki áhuga á að tryggja fjarskipti á vegum landsins. Kort á vef Fjarskiptastofu sýnir að það eru afar fáir vegkaflar sem eru alveg sambandslausir og raunar eru mælingarnar það gamlar að nú þegar er búið að gera úrbætur á nokkrum þeirra, s.s. í Njarðvík í Borgarfirði eystra og Heydal í Ísafjarðardjúpi. Einnig er samvinna fjarskiptafélagana í samstarfi við Neyðarlínunni að skila því að verið er að bæta sambandið víðar og verður sambandið á þeim svæðum eins fyrir alla notendur óháð þjónustuaðila. Það má segja að allir séu að leggja sitt af mörkum í þessu verkefni.

Með vísan til alls framangreinds leggst Sýn alfarið gegn frumvarpinu og leggur til að Alþingi einhendi sér þess í stað að fjalla um frumvarp um heildarendurskoðun fjarskiptalaga, en meðferð þess hefur þegar dregist úr hömlu.

Virðingarfyllt,
f.h. Sýnar hf.



Páll Ásgrímsson

Aðallögfræðingur

Skrifstofa forstjóra_stjórnendur